

Nefndasvið alþingis - nefndasvið@althingi.is:

"Undirrituð gera alvarlegar athugasemdir við flokkun eftirfarandi svæða skv. þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

- 1) Að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfölkvangi sé sett í nýtingarflokk. Líklegt er að orkuafköst þess séu lítil og hugsanlega ekki sjálfbær. Því ætti svæðið að vera í verndarflokki, eða í það minnsta í biðflokki, þar til góð úttekt hefur verið gerð á sjálfbærum nýtingarmöguleikum. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar þ.a. almenningur og ferðamenn geta notið þess með lítilli fyrirhöfn. Þess má geta að um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.
- 2) Að Eldvörp séu sett í nýtingarflokk. Aftur er líklegt að orkuafköst séu lítil og hugsanlega ekki sjálfbær. Svæðið ætti því að vera í verndarflokki, eða í það minnsta í biðflokki, þar til góð úttekt hefur verið gerð á sjálfbærum nýtingarmöguleikum. Um Eldvörp liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga."
- 3) Að jarðhitasvæði við Þeistareyki sé sett í nýtingarflokk. Enn vantar haldbærar greinargerðir um sjálfbæra nýtingu og verðmæti annarra kosta svo sem ferðamennsku. Þeistareykir eru á margan hátt einstakt náttúrusvæði og verðskulda að vera settir í verndarflokk, í það allra minnsta í biðflokki þannig að vönduð umfjöllun um mismunandi kosti nýtingar liggi fyrir við endanlega ákvörðun. Sú ákvörðun á að byggjast á gögnum sem sýna á sannfærandi hátt að fyrirhuguð nýting sé sjálfbær og arðbær.
- 4) Að hugmyndir um Búlandsvirkjun séu fluttar í verndarflokk. Þessar virkjanahugmyndir eru greinilega mjög áhættusamar og virðast illa grundaðar, t.d. er gert ráð fyrir að spilla mikilvægum ám og landsvæðum með því að færa yfir þau eitt af aurugustu og duttlungafyllstu jökulföllum landsins. Ljóst er að verðmæti landsvæðisins til annarrar nýtingar svo sem til búskapar, ferðamennsku og útivistar eru mun meiri en hægt er að tryggja með fyrirliggjandi virkjanaáformum. Það virðist því ekki vera grundvöllur fyrir flokkun í biðflokki heldur á svæðið heima í verndarflokki, í það minnsta landvæðið þar sem fyrirhugaðar eru veitur á Skaftá í Syðri-Ófæru og í Tungufljót.

Ólafur S. Andrésson kt. 091051-4519

Sigrún Helgadóttir kt. 220949-7299

Þverási 21, 110 Reykjavík